

## FYLGISKJAL NR. 3001

DAGS 21.05.2010

### SAMANTEKT:

Hér er frétt frá DV þar sem Haraldur Sverrisson, þáverandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar, þykir miður að vegið sé að starfsheiðri sínum.

Þar er sérstaklega vísað í grein í blaði Framsóknarflokksins í Mosfellsbæ og samskiptum Haraldar og Aleflis sem er verktakafyrirtæki í Mosfellbæ.

Þar segir m.a.: „Árið 2008 ákveðum við hjónin að hefja byggingu einbýlishúss við Skálahlíð 46. Alefli var þá að byggja önnur þrjú hús við þessa götu og fengum við tilboð frá þeim við vinnu við uppsteypu hússins. Tilboðinu tókum við eftir að við höfðum látið yfirfara það af sérfræðingum. Allar greiðslur til Aleflis höfum við greitt að fullu í samræmi við gerða samninga. Öll gögn varðandi þessar byggingar liggja skilmerkilega fyrir bæði í einkabókhaldi okkar hjóna sem og í bókhaldi Aleflis. Ég þarf ekki að taka það fram að þar er ekkert að fela.“

Vekur undrun, sé vísað til fylgiskjals nr. 2001, að hann fái eign sem hann byggir sjálfur í arf eftir móður sína. Fyrirvari er gerður um efni erfðafjárskýrslu sem ekki er aðgengileg almenningi.

INNLENT

0 3

# Haraldur: Þykir miður að vegið sé að starfsheiðri sínum

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is

13:39 › 21. maí 2010



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, þykir það miður að framsóknarmenn í Mosfellsbæ sjá sér í hag að vega að starfsheiðri embættismann bæjarins og mannorði hans með skrifum í Mosfellsfréttir Framsóknarmanna. Framsóknarmenn birtu grein í Mosfellsfréttum sem nefndist „Bæjarstjórinn og Alefli“ en þar vilja framsóknarmenn meina að óeðlileg tenging sé á milli bæjarstjórans og verktakafyrirtækisins Alefli.

Segja Framsóknarmenn að það sé heppileg tilviljun að Alefli hafi verið valið til framkvæmda á eftirsóttum byggingarlóðum í Mosfellsbæ af bæjaryfirvöldum á meðan

bæjarráðs Mosfellsbæjar. Framsóknarflokkurinn hafi samþykkt reglur sem og úthlutun lóða og fulltrúar hans verið viðstaddir úrdráttinn.

Yfirlýsing Haraldar:

„Yfirlýsing frá Haraldi Sverrissyni vegna skrifa í 2. tbl. Mosfallsfréttu, málgangs framsóknarmanna í Mosfellsbæ, sem vitnað var í á vef dv.is þ. 21. maí.

Í Mosfellsbæ er ástunduð fagleg, gegnsæ og opin stjórnsýsla. Allar dylgjur um annað eru úr lausu lofti gripnar og þykir mér miður að framsóknarmenn sjái sér hag í að vega að starfsheiðri embættismanna bæjarins og mannorði mínu með þeim hætti sem gert er í ofannefndum skrifum.

Staðreyndir málsins eru eftirfarandi:

Á 728. fundi bæjarráðs 18. ágúst 2005 var samþykkt samhljóða að úthluta Alefli ehf lóð við Háholt 21 í miðbæ Mosfellsbæjar. Var þetta gert eftir skoðun skipulags- og byggingarnefndar á málinu þar sem málið hlaut einnig einróma afgreiðslu. Úthlutun þessi var í samræmi við þáverandi úthlutunarreglur bæjarins sem samþykktar voru einróma í bæjarstjórn. Framsóknarflokkurinn samþykkti bæði reglurnar sem og úthlutun lóðarinnar og bera því jafna ábyrgð og aðrir á því.

Varðandi úthlutun lóðar nr. 2 við Stórkriki, var það gert á 751. fundi bæjarráðs þann 8. desember 2005. Á þessum fundi voru dregnar út lóðir fyrir hreyfihamlaða, lóðir undir fjölbýlishús og lóðir undir raðhúsaeininger. Sem sagt lóðum var úthlutað eftir útdrátt. Í fundargerðinni segir um útdrátt varðandi lóð nr. 2 við Stórkriki: „Næst var dregið úr hópum 8, 9, 10, 11 og um 5 fjölbýlishúsaeininger við Litla- og Stórkriki, upp komu eftirtaldir lögaðilar: Litlikriki nr. 1, Keflavíkurverktakar. Stórikriki nr. 2, Þursaborg ehf (Alefli), Litlikriki nr. 2 Afltak, Litlikriki nr. 76, Byggingarfélagið Stafholt, Stórikriki nr. 1 Byggingarfélagið Bakki.“ Við útdráttinn voru allir bæjarráðsmenn viðstaddir þar með talið fulltrúi framsóknarmanna, Marteinn Magnússon. Allar lóðaúthlutanir í Krikahverfi voru gerðar skv. samþykktum úthlutunarreglum bæjarins sem allir flokkar höfðu samþykkt einróma.

Af ofangreindu má glögglega sjá að ég kom með engum hætti persónulega að þessum úthlutunum enda er það ekki hægt skv. úthlutunarreglum né hefði mér að sjálfsögðu aldrei dottið það í hug.

Hvað varðar aðstöðu fyrir Sjálfstæðisfélagið í Mosfellsbæ í húsi í eigu Aleflis við Háholt þá er þar um venjubundinn leigusamning að ræða þar sem leiga er greidd skilvíslega mánaðarlega. Ég kom með engum hætti að þeim gjörningi, stjórn sjálfstæðisfélagsins sá um þann gjörning. Ég vissi ekki um þessa ákvörðun fyrr en eftirá enda er það alveg skýr vinnureglu hjá sjálfstæðisfélagini í Mosfellsbæ að kjörnir fulltrúar koma ekki að

Á árunum 2003 og 2004 byggði Alefli fyrir okkur hjónin 40 fm bílskúr úr timbri við heimili okkar að Hulduhólum. Fyrirtækið gerði tilboð í verkið ásamt öðrum og átti hagstæðasta tilboðið.

Árið 2008 ákveðum við hjónin að hefja byggingu einbýlishúss við Skálahlíð 46. Alefli var þá að byggja önnur þrjú hús við þessa götu og fengum við tilboð frá þeim við vinnu við uppsteypu hússins. Tilboðinu tókum við eftir að við höfðum látið yfirfara það af sérfræðingum. Allar greiðslur til Aleflis höfum við greitt að fullu í samræmi við gerða samninga. Öll gögn varðandi þessar byggingar liggja skilmerkilega fyrir bæði í einkabókhaldi okkar hjóna sem og í bókhaldi Aleflis. Ég þarf ekki að taka það fram að þar er ekkert að fela.

Mér þykir leitt að í pólitísku ati sjái menn sér hag í að bera út óhróður um mótfambjóðendur sem er til þess ætlaður að vega að mannorði fólks. Það hefur verið markmið mitt að vinna á málefnalegum grundvelli, og það ætla ég að gera áfram.

Haraldur Sverrisson

bæjarstjóri"

Mæla með 0

g+1 0

Tweet

[Deila á Facebook](#)

**Kosningar 2010**